

Borgarráð

Efni: Áhættustefna Reykjavíkurborgar

Lögð eru fram að nýju drög að áhættustefnu Reykjavíkurborgar. Drög að áhættustefnunni voru lögð fram og kynnt í borgarráði þann 21. janúar 2021 og vísaði borgarráð áframhaldandi vinnu við stefnuna til stýrihóps um mótun almennrar eigendastefnu. Stýrihópurinn tók stefnuna til umfjöllunar á þremur fundum með fulltrúum fjármála- og áhættustýringarsviðs sem leitt hafa undirbúning stefnunnar. Stýrihópurinn hefur afgreitt stefnuna með eftirfarandi bókun:

„Stýrihópur um almenna eigendastefnu Reykjavíkurborgar hefur fjallað um drög að Áhættustefnu Reykjavíkurborgar. Stefnan hefur tekið nokkrum breytingum og hefur framsetningin verið gerð markvissari, auk þess sem gerðar hafa verið nokkrar efnislegar breytingar sem stýrihópurinn telur til bóta. Sérstaklega hefur verið dregið skýrar fram að sviksemi sé ekki liðin í starfsemi Reykjavíkurborgar. Nú kemur fram að við endurskoðun eigendastefnu B-hluta félags verði sett inn frekari ákvæði um upplýsingagjöf til eigenda og aðkomu þeirra að áhættunefnd þess. Auk þess sem skerpt hefur verið á mikilvægi fjárhagslegrar sjálfbærni í samræmi við gildandi reglur. Stýrihópurinn lýsir yfir ánægju með Áhættustefnu Reykjavíkurborgar og útfærslu hennar fyrir innleiðingu á heildstæðri áhættustjórnun og markmiðum hennar. Lagt er til að stefnunni verði vísað til borgarstjórnar til umfjöllunar og afgreiðslu.“

Greinargerð:

Í maí 2020 skipaði undirrituð, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs (FAS), starfshóp um undirbúning að áhættustefnu Reykjavíkurborgar. Starfshópurinn skilaði í september 2020 af sér drögum að áhættustefnu. Eftir samráð við borgarráttara var ákveðið að kynna drögin fyrir fagaðilum þ.e. endurskoðunarnefnd og innri endurskoðun og leita álits þeirra áður en lengra yrði haldið. Var það talið mikilvægt í ljósi þess hversu sérhæft viðfangsefnið er.

Drögin voru kynnt fyrir fagaðilum þ.e. endurskoðunarnefnd og innri endurskoðun á fjarfundi þann 2. nóvember 2020. Endurskoðunarnefnd lagði fram svohljóðandi bókun á fundinum:

„Endurskoðunarnefnd fagnar því skrefi sem stigið er nú með drögum að áhættustefnu og styður þá tillögu fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar að fara með stefnudrögin í kynningarferli hjá hagsmunaaðilum og stjórnendum.“

Undirrituð kynnti síðan stefnudrögin á fundi yfirstjórnar í desember 2020 og ásamt fulltrúum skrifstofu áhættustýringar í kjölfarið á fundi borgarráðs þann 21. janúar sl.

Hjálögð stefnudrög sem fylgja bréfi þessu eru afrakstur vinnu starfsmanna FAS með stýrihóp um almenna eigendastefnu. Stýrihópurinn fór yfir stefnudrögin með starfsmönnum FAS og lagði m.a. til samráð við innri endurskoðun varðandi með hvaða hætti tekið væri á sviksemisáhættu í stefnunni.

Niðurstaða samráðsfunda FAS og innri endurskoðunar var að skerpa á orðalagi og draga skýrar fram í stefnunni að sviksemi sé ekki liðin í starfsemi borgarinnar. Misferlisáhætta er undirflokkur rekstraráhættu og það verður horft til slíkar áhættu við gerð áhættumats og greininga eftir því sem við á eins og nánar verður gerð grein fyrir í verklagsreglum og leiðbeiningum skrifstofu áhættustýringar

Aðrar breytingar á stefnunni að undirlagi stýrihóps eru helstar þær að framsetning stefnunnar hefur verið einfölduð og hlutverk og ábyrgð aðila stjórnarsýslunnar dregin fram með skýrari hætti en áður. Má þar nefna umboð skrifstofu áhættustýringar til að hafa aðgengi að upplýsingum og gögnum er varða viðfangsefni skrifstofunnar hverju sinni og að starfsfólk hennar skuli fá alla nauðsynlega aðstoð og upplýsingar frá aðilum stjórnarsýslunnar. Einnig var afmörkun stefnu skýrð nánar. Í afmörkun kemur nú fram að við endurskoðun eigendastefnu B-hluta félags verði sett inn frekari ákvæði um tiltekna upplýsingagjöf félags til eigenda og aðkomu eigenda að áhættunefnd félags. Auk þess sem skerpt hefur verið á mikilvægi fjárhagslegrar sjálfbærni undir fjárhagsáhættu í áhættulandslagi.

Vert er að vekja jafnframt athygli á því að fyrir hvern undirflokk í áhættulandslagi verður áhættuvilji skilgreindur í formi viðmiða og marka sem taka skal tillit til við mat á alvarleika áhættuþátta, þörf fyrir viðbrögð og forgangsröðun þeirra. Þetta verður útfært með nánari hætti í verklagsreglum um áhættustjórnun.



Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Hjálagt: Áhættustefna Reykjavíkurborgar – dags. 8. júní 2021